14

Menning Menning

Vor við ströndina, 1967nr.S

STILBROT
Um þessar mundir stendur yfir að
Kjarvalsstöðum sýning á máiverkum
eftir Sigurð K. Árnason. Þetta er 7.
einkasýning listamannsins, en hann
hefur auk þess tekið þátt í samsýning-
um bæði hér heima og erlendis. Sig-
urður var sæmdur gullmedalíu
Accademia Italia delle Arti e del
lavoro 4. mars 1980.

Sýning Sigurðar hefur að geyma 63
verk, máluð á síðastliðnum 25 árum.
Hér er um að ræða hóflega yfirlits-
sýningu, sem gefur áhorfendum
dálitla innsýn í feril listamannsins.

Stí/brot

Þegar litið er yfir sýninguna,
kemuf" i ljós að listamaðurinn hefur
unnið i ólíkum stílgérðum. Svo eru
nokkrar myndir frá árunum 1966 og
1%7, sem gefa til kynna að Sigurður
hefur viljað notfæra sér formgerð
kúbismans. í þessum myndum tjáir
listamaðurinn sína náttúrusýn í
geometriskum formum, én heldur sér
þó annars fast við hina hefðbúndnu
myndbyggingu, sjónarhorn og rými.
(Sjá myndir: Vor við ströndina, 1967
og Ströndin 1%6) Hér er því ekki um
að ræða eiginlegan kúbisma (sem
samkvæmt Picasso og Braque fjallar
um fjórðu víddina, og brýtur upp
venjubundna sýn), heldur málar lista-
maðurinn upp hina ytri formgerð

kúbismans eftir sjónrænni reynslu
og minni.
En þrátt fyrir allt eru þetta
athyglisverðar formrannsóknir og
leitt að Sigurður hafi ekki unnið
frekar úr þessum myndverkum.

Landslag
Meirihluti verkanna á sýningunni
sýnir okkur að listamaðurinn hefur
umfram allt lagt sig fram við að túlka
náttúru landsins. Siðastliðinn áratug
hefur listamaðurinn hrúgað upp

Myndlist

Gunnar B. Kvaran

fjölda landslagsverka, þar sem hann
notar formgerð og pensilskrift
expressionismans. Lögð er áherzla á
efnisverkun litarins, sem lagður er
þykkt á léreftið. Myndirnar bera
þess vitni að vera mikið og nostur-
samlega unnar. En þó er lítt um
frumlegheit eða persónulega drætti.
Listamaðurinn notar margþvældar
fyrirmyndir (fjallasýn, haf) án þess
þó að gefa viðfangsefninu breytt
sjónarhorn eða persónulega umfjöll-
un. Hér gefur að litaþokkalegt.lands-
lag. (Sjá myndir Gjáin 1970 nr. 19;

Á Gróttutöngum 1981 nr. 25; Vífil-
fell 1978 nr. 30).

Mannamyndir

En veiki punkturinn í myndverki
Sigurðar kemur sérlega fram í
mannamyndunum. Þær vitna greini-
lega um litla teiknikunnáttu og iítt
öguð vinnubrögð, Þetta er einkum
áberandi í mynd líkt og „Bræðurnir"
1975 nr. 33.

Þegar bornar eru saman landslags-
myndirnar og mannamyndirnar er
greinilegt að listamanninum tekst
mun betur í náttúruumfjölluninni
þegar liturinn yfirvinnur mótífið. Þá
reynir ekki lengur á teiknimennt og
listamaðurinn getur rótað áfcrða-
mikið yfir myndfíötinn. Við sjáum í
myndinni ,,Hraumhóll,>l%5'\nir. 38
hvernig liturinn fær tækifæri til að
róta í landslaginu.

Náttúra

Eins og fram hefur komið yrkir
listamaðurinn um náttúru landsins.
Hraun og mosi eru þýdd með
þykkum lit og kvikri pensilskrift.
Myndirnai lýsa hógværðí inntaki og
efni. Þær eru í takt við ákveðna
myndlistarhefð hér á landi, sem
vitnar fyrst og fremst um niikinn vilja
og ánægju af að skrá íslenzka náttúru
á léreft.
- GBK.

Hraunhóll, 1965nr. 38 (LjósmyndirGBK)

DAGBLADID& VÍSIR. MIÐVIKUDAGUR 27. JANÚAR 1982.

FÉLAGS-

LEGAR

ÍBÚÐIR

Að undanförnu hefur mjög verið
rætt um húsnæðisskort í höfuðborg-
inni.
Þvi miður virðast pólitískir ráða-
menn borgarinnar leggja meiri áherslu
á hverjum skuli um kenna en að ræða
hvernig úr skuli bæta. Ýmsar tölur
hafa verið hafðar uppi um þann fjölda
sem býr sem sakir standa við neyðar-
ástand í húsnæðismálum.

Tölur frá 600 til 1500 einstaklingar
hafa heyrst og mun hærri talan vera
miðuð við þann fjölda, sem er á skrá
hjá félagsmálastofnun borgarinnar og
hjá leigjendasamtökum.
Þess virðist ekki gætt að til er og
fjöldi fólks sem hvorki vill skrá sig hjá
félagsmálastofnun vegna stimpilsins,
„að vera þá á bænum" og svo hitt að
Leigjendasamtökinbúa í sóðalegri skrif-
stofu sem er fjarri því að vera
traustsvekjandi.
Á skrifstofuLeigjendasamtakanna er
ríkjandi sóðaskapur, ryk og sandur
þekja þar gólf og bekki og reiðhjól er
m.a. eitt húsgagnanna. Sá húsnæðis-
eigandi sem kemur í þennan stað og
samt sem áður felur þessari „stofnun"
að annast leigu síns húsnæðis, hann
hefur tæplega að bjóða vandað og
snyrtilegt húsnæði og allavega hefur
hann ekki auga fyrir snyrtilegri um-
gengni. Þegar þetta hvort tveggja er
hau í huga, skíturinnhjáLeigjendasam-
tökunum og ,,að vera á bænum."
stimpillinn hjá félagsmálastofnun, þá
mætti og ætti mönnum að vera ljóst að
til eru miklu fleiri einstaklingar í
húsnæðisvandræðum en þeir sem á
skrá kunna að vera hjá fyrrnefndum
stofnunum.

Sjáifstæöismannaþáttur

Sjálfstæðismenn i Reykjavík og jafn-
vel víðar hafa af oftrú á einstaklings-
framtakið lagst gegn íbúðabyggingum
á svokölluðum félagslegum grundvelli.
Afleiðing þess óraunsæis hefur svo
orðið sú að láglaunafólk, ekki síst á
Reykjavikursvæðinu hefur átt í erfið-
leikum með að komast i öruggt húsa-
skjól.
Það er staðreynd að sjálfstæðismenn
i Reykjavík hafa staðið gegn félagsleg-
um ibúðarbyggingum, íbúðum
byggðum af borginni til leigu og gegn
byggingu verkamannabústaða. Sjálf-
stæðismenn hafa þarna gleymt lág-
launafólkinu i verslunarstétt, í Iðju,
Sókn og Dagsbrún svo eitthvað sé
nefnt.

Sjálfstæðismenn hafa ekki séð að
þetta láglaunafólk sem þarf að vinna
alla tiltæka og hugsanlega yfirvinnu,
aðeins til þess að skrimta, þetta fólk
hafði engan, alls engan möguleika á að
bæta auk þess á sig þeirri gifurlegu
vinnu sem fylgir þvi að koma yfir sig
húsnæði á eigin vegum.
Fyrir þetta fólk gildir aðeins að
komast í það að leigja á félagslegum
grundvelli eða að komast í það að
kaupa íbúð, byggða á félagslegum
grundvelli. Þessu fólki gleymdu sjálf-
stæðismenn og vissulega verður að geta
þess að framsóknarmenn drusluðust á
sömu línu án þess að vita í hvora löpp-
ina þeir áttu að stíga.

Kommar og kratar

Þessum aðilum til hróss verður að

viðurkenna að úr þeirra herbúðum er
helst að vænta aðgerða til lausnar
húsnæðisvanda láglaunafólks. Þó að
kannski sé full seint í rassinn gripið, þá
er Reykjávíkurborg nú komin af stað
með byggingu leiguibúðarhúsnæðis á
ný eftir áralanga stöðnun.
í því efni vinna saman kratar,
kommar og framsóknarmenn, þó svo
virðist að framsóknarmenn séu fremur
mótfallnir leiguhúsnæði, þó þeir
druslist með.

Bygging nýrra leiguibúða á félags-
legum grundvelli er m.ö. o. komin af
stað þrátt fyrir andstöðu sjálfstæðis-
manna og hálfvelgju framsóknar-
manna, og er það vel.

Nýjar hugmyndir
Segja má að með verkamanna-
bústaðakerfinu eins og það er í dag, þá

Kristinn Snæland

sé svo komið málum að flestir eigi að
hafa tök á að eignast viðunandi íbúð,
með tiltölulega auðveldum hætti.
Eftirspurn eftir íbúðum byggðum af
samtökum verkalýðsins, verkamanna-
bústöðum, er hinsvegar slík að miklu
færri fá en um sækja Þetta ætti að
segja betur en mörg orð fá lýst, að
verkamannabústaðakerfið er bæði
vinsælt og árangursríkt í landi hér.
Svo lengi sem fjöldi fjölskyldna er
um hverja íbúð í verkamanna-
bústöðum, þá er þörfin greinilega
mikil.

Sem betur fer hafa kommar og
kratar og verkalýðshreyfingin komið
því til leiðar að nú er æ meiri áhersla
lögð á byggingu verkamannabússtaða,
en auk þess er komin fram ný hugmynd
sem mér er sagt að sé komin frá þeirri
ágætu konu, Aðalheiði Bjarnfreðs-
dóttur með stuðningi bæði krata og
komma og hálfvelgju framsóknar.
Hugmyndin er sú að verkalýðsfélögin
styðji byggingu leiguhúsnæðis á vegum
borgarinnar eða sveitarfélaga með
tilteknu framlagi úr lifeyrissjóðum, en
fái í staðinn úthlutunarrétt til leigu til
sinna félagsmanna.

Þetta gæti þýtt það að t.d. Reykja-
vikurborg byggði blokk með 36
ibúðum en vegna framlags úr lífeyris-
sjóðum hugsanlega þriggja, fjögurra
eða fleiri verkalýðsfélaga, þá myndu
leigjendurnir veljast úr þessum nefndu
verkalýðsfélögum.
Viðkomandi blokk yrði þá fyrst og

H „Bygging nýrra leiguíbúða á félagslegum i grundvelli er með öðrum orðum komin af
stað þrátt fyrir andstöðu sjáifstæðismanna og hálfvelgju framsóknarmanna, og er það vel," segir Kristinn Snæland í grein sinni.